

Föstudaginn 25. apríl 1975.

Nr. 31/1974. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)

gegn

Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni

(Örn Clausen hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómarnir Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Tékkamisferli. Skjalafals. Brot gegn 155. gr., 248. gr. og 261. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Dómur Hæstaréttar.

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa verið lögð fram nokkur ný gögn í máli þessu, og vitnaskýrslur hafa verið teknar af Jóni Hilmarí Þórarinssyni leigubifreiðarstjóra, sbr. ákæru I 7, og Sveini Daníelssyni sjómanni, sbr. ákæru I 8.

Jón Hilmar Þórarinsson kveður mann nokkurn, er hann eigi viti deili á, hafa greitt sér fyrir akstur með tékka þeim, C Nr. 203286, að fjárhæð kr. 1900, er greinirí ákæru I 7.

Sveinn Daníelsson skýrir svo frá, að kona hans, Fanney Kristmannsdóttir, hafi að sér fjarverandi keypt af ákærða tékka þann, C Nr. 203289, að fjárhæð kr. 5.000, er getur í ákæru I 8. Kveðst Sveinn síðan hafa framselt tékka þennan í flugafgreiðslu á Keflavíkurflugvelli, en síðar orðið að leysa hann til sín, þar eð innstæða fyrir fjárhæðinni hafi ekki verið fyrir hendi á viðkomandi bankareikningi.

Brot ákærða, er greinir í ákæru I 1—5 og 7—9, eru réttilega heimfærð undir 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Eigi er að fullu upplýst í máli þessu um notkun ákærða á tékkum þeim, C Nr. 203285, að fjárhæð kr. 1.100, C Nr. 203295, að fjárhæð kr. 700, og C Nr. 203300, að fjárhæð kr. 8.000, er getur í ákæru I 6, 10 og 12, en ákærði kveðst ekkert muna eftir tékkum þessum né heldur tékka þeim, C Nr. 203296, að fjár-

hæð kr. 2.000, er getur í ákæru I 11. Um þennan tékka segist Jóhannesi P. Jónssyni rannsóknarlögreglumanni svo frá, að hann hafi átt tal við framseljanda tékkans, Jón Jónsson, Njáls-götu 108. Hafi Jón tjáð sér, að ákærði hafi gefið honum tékkann í pósthúsinu hér í borg, þar sem þeir hafi hist, en ákærði hafi þá verið ölvaður.

Ekki þykja framkomnar nægar sannanir fyrir því, að ákærði hafi með notkun síðastgreindra fjögurra tékka gerst sekur um brot gegn 248. gr. almennra hegningarlaga. Aftur á móti þykir útgáfa og notkun hans á tékkum þessum varða við 261. gr. almennra hegningarlaga, en fyrir Hæstarétti hefur mál þetta verið flutt svo sem brot ákærða gætu varðað við þessa lagagrein, sbr. 3. mgr. 118. gr. laga nr. 74/1974.

Brotum þeim, er greinir í ákæru II 1—7 og III, er lýst í héraðsdómi og þau réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin í héraðsdómi, sbr. 77. gr. almennra hegningarlaga.

Eigi verður séð, að gerð hafi verið skaðabótakrafa af hálfu vinnbúðarinnar Lindargötu 46 hér í borg, kr. 4.160. Verður því ekki dæmt um fjárhæð þessa í málinu. Að öðru leyti ber að staðfesta úrlausn héraðsdóms um framkomnar skaðabótakröfur, enda hefur ákærði samþykkt þær.

Staðfesta ber ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda hans, kr. 25.000.

Rannsókn máls þessa er mjög ábótavant. Aðeins eitt vitni, Guðrún Ólafsdóttir, var yfirheyrt fyrir dómi, áður en héraðsdómur var kveðinn upp, og síðar eingöngu áður nefnd tvö vitni. Þá virðist ákærði hafa verið lítt yfirheyrður fyrir dómi um sakaratriði þau, er honum eru gefin að sök í I. kafla ákæru 1—12, en eingöngu er bókað í þingbók um þessi atriði „... og skýrir hann sjálfstætt aðspurður frá málavöxtum á sama veg og við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglu dskj. nr. VI—XXIII“.

Ber að víta þessa ófullkomnu rannsókn.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði Heimilistækjum s/f kr. 700, Jóni Þórarinssyni kr. 1.900 og vínbúðinni Snorrabraut 56 kr. 2.135.

Ákvæði héraðsdóms um greiðslu sakarkostnaðar á að vera óraskað.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, kr. 25.000, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 25.000.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 26. september 1973.

Ár 1973, miðvikudaginn 26. september, var í sakadómi Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem háður var í skrifstofu embættisins af Sigurði Halli Stefánssyni, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 602/1973: Ákærvaldið gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, er með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 26. mars 1973, höfðað gegn Sigurði Guðmundi Stefáni Þorleifssyni sjómanni, Hraungerði, Grindavík, „fyrir tékkasvik og tékkafals, framið í Reykjavík og nágrenni í september og nóvember 1972, með því að gefa út eftirtalda tékka á ávísanareikning sinn nr. 108827 við Landsbanka Íslands og úr tékkhefti Guðrúnar Ólafsdóttur við Verslunarbanka Íslands, en reikningsnúmer valdi hann af handahófi, og framvísun á fölsuðum tékka úr tékkhefti Guðrúnar Ólafsdóttur og nota þá í viðskiptum, svo sem rakið verður, án þess að innstæða væri fyrir þeim:

I.

Tékkar á ávísanareikning nr. 108827 í Landsbankanum.

1. C Nr. 203276, kr. 1.800, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla fyrir áfengiskaup í vínbúðinni við Lindargötu.
2. C Nr. 203278, kr. 2.135, til handhafa, dagsettur 18. september

1972. Greiðsla á áfengi í Áfengisversluninni við Lindargötu.
3. C Nr. 203279, kr. 2.000, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Borg.
 4. C Nr. 203281, kr. 200, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla á klippingu á Rakarastofunni Vesturgötu 3.
 5. C Nr. 203282, kr. 2.360, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla á áfengi í vínbúðinni við Lindargötu.
 6. C Nr. 203285, kr. 1.100, til handhafa, dagsettur 6. nóvember 1972. Óljóst um notkun.
 7. C Nr. 202286, kr. 1.900, til handhafa, dagsettur 16. september 1972. Óljóst um notkun. Framseldur í banka af bifreiðastöðinni Hreyfli.
 8. C Nr. 203289, kr. 5.000, til handhafa, dagsettur 20. september 1972. Óljóst um notkun. Framseldur í banka af Sveini Daníelssyni, Eyjabakka 20.
 9. C Nr. 202294, kr. 1.000, til handhafa, dagsettur 17. september 1972. Greiðsla á ökugjaldi til Skúla Sigurbjörnssonar, öku-
manns á Hreyfli.
 10. C Nr. 203295, kr. 700, til handhafa, dagsettur 22. september 1972. Notaður í viðskiptum við Heimilistæki s/f, Hafnar-
stræti.
 11. C Nr. 203296, kr. 2.000, til handhafa, dagsettur 22. september 1972. Óljóst um notkun. Framseldur í banka af Jóni Jóns-
syni, Njálsgötu 108.
 12. C Nr. 203300, kr. 8.000, til handhafa, dagsettur 6. nóvember 1972. Óljóst um notkun. Framseldur í banka af ákærða.

II.

Tékkar úr tékkhefti Guðrúnar Ólafsdóttur, gefnir út á eigin nafni á Verslunarbancann á reikningsnúmer, sem valið var af handahófi:

1. A Nr. 643852, kr. 2.000, til handhafa, án dagsetningar 1972. Óljóst um notkun tékkans. Framseldur í banka 22. nóvember 1972.
2. A Nr. 643853, kr. 3.000, til handhafa, án dagsetningar 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.
3. A Nr. 643854, kr. 3.000, til handhafa, dagsettur 18. september 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.
4. A Nr. 643855, kr. 3.000, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.

5. A Nr. 643857, kr. 3.000, til handhafa, án dagsetningar 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.
6. A Nr. 643860, kr. 1.000, til handhafa, dagsettur 18. nóvember 1972. Greiðsla á veitingum á Hótel Loftleiðum.
7. A Nr. 643861, kr. 3.000, til handhafa, án dagsetningar 1972. Greiðsla á ökugjaldi til Jóhannesar Sigfússonar leigubifreiðarstjóra, Álfaskeiði 70, Hafnarfirði.

III.

Framvísun á fölsuðum tékka á Hótel City í Reykjavík 18. nóvember 1972 til greiðslu gistikostnaðar, að upphæð kr. 3.000. Tékkinn var úr tékkhefti Guðrúnar Ólafsdóttur, og hafði ákærði falsað á útgefandanafnið Jón Sigurðsson og ábakið tékkann með sama nafni.

Atferli ákærða, sem rakið er í I. og II. kafla hér að framan, telst varða við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, en háttsemi sú, sem rakin er í III. kafla, við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar“.

Ákærði er sakhæfur, fæddur í Arnardal, Ísafirði, 14. júní 1935, og hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

- 1958 19/11 Keflavíkurflugvelli: Sátt, 50 kr. sekt fyrir brot á lögum nr. 73/1952.
- 1962 31/1 Keflavíkurflugvelli: Dómur: 28 daga varðhald. Svíptur ökuréttindum í 2½ ár frá birtingu dómsins fyrir brot gegn 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., 1. og 2. mgr. 26. gr., 37. gr. og 2. mgr. 41. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga.
- 1963 22/5 Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 22/4 Reykjavík: Dómur: 3 mánaða fangelsi, skilorðsbundið í 3 ár, fyrir brot á 244. gr. hegningarlaga.
- 1964 7/6 Reykjavík: Sátt, 1.000 kr. sekt fyrir tékkamisferli.
- 1964 22/12 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 3/2 Reykjavík: Dómur: 10 mánaða fangelsi fyrir brot gegn 155. gr. og 248. gr. hegningarlaga. Staðfest í Hæstarétti 5. maí 1965, en refsing skilorðsbundin í 3 ár.
- 1965 18/5 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 11/6 Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 29/10 Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

- 1966 18/5 Gullbringu- og Kjósarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1967 28/3 Akranesi: Dómur: 15 daga varðhald fyrir brot á 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga. Svíptur ökuleyfi ævilangt frá dómsbirtingu.
- 1967 1/6 Akranesi: Sátt, 300 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1969 8/8 Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.
- 1972 22/6 Reykjavík: Sátt, 700 kr. sekt fyrir brot á 21. gr. áfengislaga.

Málavextir eru þessir samkvæmt eigin framburði ákærða og vætti vitna svo og öðrum gögnum, og verður við lýsingu mála-vaxta fylgt sömu efnisniðurröðun og í ákæruskjali:

I. Ákærði hafði sparisjóðsávísanareikning nr. 108827 við Landsbanka Íslands, Reykjavík, og er upplýst, að í september og nóvember 1972 gaf hann út til handhafa tólf tékka á nefndan reikning, og reyndist innstæðu skorta fyrir þeim, er þeim var framvísað í greiðslubanka. Ákærði hefur skýrt svo frá, að á þeim tíma, er tékkarnir voru gefnir út, hafi hann verið í óreglu og ekki fylgst neitt með innstæðu á reikningnum. Tékkarnir eru taldir í ákæru, og er þeim þar að öllu leyti rétt lýst, eyðublaðanúmerum, dagsetningum og fjárhæðum. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna, og við það fylgt sömu töluröð og í ákæru:

1. Ákærði notaði tékka þennan til greiðslu á áfengi í áfengisversluninni við Lindargötu.
2. Ákærði notaði tékka þennan til greiðslu á áfengi í áfengisversluninni við Snorrabraut.
3. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði veitingar á Hótel Borg.
4. Með tékka þessum staðgreiddi ákærði fyrir klippingu á rakarastofu Vesturgötu 3, Reykjavík.
5. Með tékka þessum greiddi ákærði fyrir áfengi í áfengisversluninni við Lindargötu.
6. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa, en hann er framseldur af ákærða, og sama dag og hann var útgefinn var honum framvísað til greiðslu í austurbæjarútibúi Landsbanka Íslands. Þykja nægar líkur að því leiddar, að ákærði hafi selt tékkann þar.
7. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa, en hann var

framseldur af Jóni Þórarinssyni og síðan í banka af bifreiðastöðinni Hreyfli, og er ljóst, að ákærði hefur notað tékkann í viðskiptum.

8. Tékkka þennan seldi ákærði konu að nafni Fanney Kristmundsdóttir, en maður hennar, Sveinn Daníelsson, framvísaði síðan tékkanum í banka.
9. Með tékka þessum greiddi ákærði ökugjald til Skúla Sigurbjörnssonar, ökumanns á bifreiðastöðinni Hreyfli.
10. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa, en hann hefur verið notaður í viðskiptum við Heimilstæki s/f, Hafnarstræti, og eru ekki á hann rituð nöfn annarra framseljenda.
11. Tékkka þennan gaf ákærði Jóni Jónssyni, Njálsgötu 108, Reykjavík, sem síðan framseldi hann í banka.
12. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa, en hann var framseldur af ákærða og honum framvísað í útibúi Landsbanka Íslands sama dag og hann var útgefinn.

II. Sannað er, að í nóvember 1972 gaf ákærði út og hagnýtti í viðskiptum sjö tékka á Verslunarbanka Íslands h/f, Reykjavík, úr tékkhefti, sem hann komst yfir úr fórum Guðrúnar Ólafsdóttur, Kambsvegi 22, Reykjavík. Tékkarnir reyndust innstæðulausir, og voru þeir allir gefnir út til handhafa á reikningsnúmer, sem ákærði valdi af handahófi. Tékkarnir eru taldir í ákæru, og er þeim þar að öllu leyti rétt lýst, eyðublaðanúmerum, fjárhæðum og dagsetningum. Verður nú rakið það, sem fram hefur komið um notkun tékkanna, og við það fylgt sömu töluröð og í ákæru:

1. Ekki er að fullu upplýst um notkun tékka þessa. Ekki er ritað á hann framsal, en honum var framvísað í banka 22. nóvember 1972. Ákærði kvaðst vafalaust hafa notað hann til greiðslu fyrir einhverjar veitingar eða þjónustu, t. d. akstur.
- 2.–6. Tékkka þessa notaði ákærði til að staðgreiða veitingar í Hótel Loftleiðum.

7. Með tékka þessum greiddi ákærði ökugjald til Jóhannesar Sigfússonar leigubifreiðarstjóra, Álfaskeiði 70, Hafnarfirði.

III. Laugardaginn 18. nóvember 1972, klukkan 1024, var óskað aðstoðar lögreglunnar í Reykjavík að Hótel City í Reykjavík vegna ætlaðrar tékkafölsunar. Á staðnum hittu lögreglumenn fyrir starfsmann hótelsins, Barða Ólafsson, sem tjáði þeim, að hótलगестur hefði skömmu áður ætlað að greiða áfallinn hótलगreikning með tékka, sem hann teldi ógildan eða falsaðan. Maður

sá, sem hér um ræðir, ákærði í máli þessu, hafði verið í herbergi í nefndu hóteli ásamt Guðrúnu Ingibjörgu Ólafsdóttur, Kambsvegi 22, Reykjavík, og er hann hafði greitt reikning hótelsins, var farið með þau á lögreglustöðina við Hverfisgötu, þar sem ákærði var yfirheyrður af varðstjóra og síðan af rannsóknarlögreglumanni. Samkvæmt fangabók hafði hann meðferðis kr. 1.890 og áfengisblöndu í flösku. Ákærði viðurkenndi þegar að hafa falsað útgefandanafnið Jón Sigurðsson á tékkann, sem var að fjárhæð kr. 3.000, eyðublaðanúmer A Nr. 643851 á Verslunarbanka Íslands h/f, dagsetning 18. 10. 1972 og númer ávísanareiknings ritað 186.

Ákærði skýrði svo frá við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að hann hafi föstudagskvöldið 17. nóvember og fram á nótt verið í „partíi“ í heimahúsi í Reykjavík, en þar þekkti hann aðeins einn gesta, konuna Guðrúnu Ingibjörgu Ólafsdóttur. Hann kvað einhvern veginn hafa atvikast, að hann útfyllti tékka að fjárhæð kr. 3.000 úr tékkhefti Guðrúnar Ingibjargar og undirritaði með nafninu „Jón Sigurðsson“. Um leið hafi hann rifið nokkur eyðublöð úr heftinu og stungið í vasa sinn. Hann kvaðst hafa ætlað að nota tékkann til að greiða leigubifreiðarstjóra fyrir áfengisflösku, en hann ekki viljað taka við honum og ákærði þá stungið honum aftur í vasa sinn og tekið þátt í að greiða fyrir áfengið með reiðufé. Ákærði kvað þau Guðrúnu Ingibjörgu hafa farið í Hótel City undir morgun og fengið þar herbergi. Er kom að því að greiða fyrir hótélherbergið, kvaðst hann hafa munað eftir tékkanum, sem hann hafði útfyllt, og ætlað að greiða reikninginn með honum, en þá hafi lögreglan verið kölluð á vettvang. Að kvöldi sama dags og að loknum yfirheyrslum kvaðst ákærði hafa haldið áfram drykkju og þá svo og næsta dag útfyllt og notað í viðskiptum tékkaeyðublöð, er hann hafði tekið úr tékkhefti Guðrúnar Ingibjargar, sbr. kafla II hér að framan.

Vitnið Guðrún Ólafsdóttir kvaðst hafa verið ásamt ákærða í „partíi“ í húsi í Reykjavík föstudagskvöldið 17. nóvember. Þangað muni hafa verið fengin áfengisflaska frá leigubifreiðarstjóra og muni ákærði hafa greitt fyrir hana án þess til tals kæmi, að tékkhefti vitnisins yrði notað. Þau hafi farið í annað „partí“ þá um nóttina og undir morgun í leigubifreið að Hótel City og ákærði greitt bifreiðarstjóranum fyrir aksturinn og áfengisflösku með eigin fé. Vitnið kvað þau ákærða hafa verið stöðugt saman frá því á föstudagskvöldinu, þar til ákærði fór á afgreiðslu hótelsins til að greiða fyrir herbergið, en skömmu síðar hafi lögreglumenn

komið og vitnið þá tekið eftir, að horfið var úr tösku hennar veski með tékkhefti og fleira.

Niðurstöður.

Ákærði hefur með atferli því, er greinir í köflum I og II, gerst brotlegur við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Með atferli því, er greinir í kafla III, hefur hann gerst brotlegur við 1. mgr. 155. gr. sömu laga.

Refsing ákærða þykir samkvæmt nefndum lagagreinum, sbr. 1. mgr. 77. gr. hegningarlaganna, hæfilega ákveðin fangelsi 8 mánuði.

Guðrún Ingibjörg Ólafsdóttir hefur gert kröfu um bæt看 að fjárhæð kr. 2.000 vegna ætlaðs þjófnaðar, sem ekki er fjallað um í ákæru, og ber að vísa kröfunni frá dómi. Undir rekstri málsins greiddi ákærði bótakröfu Jóhannesar Sigfússonar leigubifreiðarstjóra, kr. 3.000 (sbr. II 7).

Aðrir hafa gert bótakröfur sem hér segir:

1. Heimilistæki s/f (I 10), kr. 700.
2. Jón Þórarinnsson, Eiríksgötu 9, Reykjavík (I 7), kr. 1.900.
3. Vínbúðin Snorrabraut 56 (I 2), kr. 2.135.
4. Vínbúðin Lindargötu 46 (I 1 og 5), kr. 4.160.

Kröfur þessar eru studdar nægum gögnum og verða teknar til greina að fullu.

Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Sigurður Guðmundur Stefán Þorleifsson, sæti fangelsi 8 mánuði.

Ákærði greiði bæt看 sem hér segir:

1. Heimilistækjum s/f kr. 700.
2. Jóni Þórarinssyni, Eiríksgötu 9, Reykjavík, kr. 1.900.
3. Vínbúðinni Snorrabraut 56, Reykjavík, kr. 2.135.
4. Vínbúðinni Lindargötu 46, Reykjavík, kr. 4.160.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.